

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



31.5.2018

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 622. mál á 148. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

Markmið hins umrædda frumvarps er að innleiða nýja persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins í íslenskan rétt, sem er til þess fallin að styrkja réttindi einstaklinga á þessu sviði. Hagsmunasamtök heimilanna taka þó ekki afstöðu til einstakra efnisatriða frumvarpins nema sem hér segir.

Samkvæmt 15. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að líkt og í núgildandi persónuverndarlögum falli vinnsla upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust undir gildissvið þess. Jafnframt verði starfsemi svokallaðra fjárhagsupplýsingastofa (sbr. Creditinfo) líkt og áður bundin leyfi Persónuverndar. Fram til þessa hafa auk persónuverndarlaga verið í gildi sérstakar reglur um slíka starfsemi. Einkum reglugerð um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust nr. 246/2001, auk þeirra skilyrða sem sett eru í gildandi starfsleyfi hverju sinni, þar á meðal um skráningu vanskila.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa því miður orðið áskynja um verulegan fjölda tilfella þar sem skráð hafa verið vanskil á grundvelli krafna sem eru ólögvarðar, umdeildar eða a.m.k. ósannað að séu raunverulega í vanskilum. Til dæmis hafa í sumum tilfellum verið skráð vanskil vegna krafna sem eru löngu fyrndar. Enn fremur hefur orðið vart við umtalsverð vandkvæði og deilumál vegna skráningar upplýsinga um fullnustugerðir hjá sýslumönnum sem byggjast á umdeildum kröfum, þrátt fyrir að í gildandi starfsleyfi sé lagt bann við skráningu upplýsinga um umdeildar kröfur.

Vegna margvíslegra vankanta sem komið hafa í ljós á gildandi reglum og framkvæmd þeirra, hvetja samtökin eindregið til þess að samhliða innleiðingu hinnar nýju reglugerðar með frumvarpinu, verði ráðist sem fyrst í endurskoðun reglugerðar nr. 246/2001. Jafnframt hafa samtökin áhuga á aðkomu að slíkri endurskoðun til þess að miðla af þeirri þekkingu og reynslu á þessu sviði sem þau búa yfir, í því skyni að bæta úr fyrrnefndum vanköntum og stuðla að aukinni vernd neytenda.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is